

Napó fyrir kennara



Napo eltir hættur og áhættur: Greining á hættum og áhættum

Scene URL: <https://napofilm.net/is/learning-with-napo/napo-for-teachers/napos-hazard-hunter-identification-risks-and-hazards>

Introductory text

Þetta kennslufni býður börnum upp á röð skemmtilegra verkefna til þess að hjálpa þeim við að finna og útskýra hættur og áhættur í umhverfinu bæði í skólanum og heima fyrir. Það býður börnum upp á leiðir til þess að þróa skilning á eigin ábyrgð í tengslum við áhættur og hættur og leggja mat á mismunandi áhættustig (mikil eða lítil áhætta).

Námsmarkmið

1. kennslustund - Hættuveiðimaðurinn Napo: Greining á hættum og áhættum.

Að þekkja hættur og áhættur í skólanum og heima hjá sér

Að leggja mat á mismunandi áhættustig

Að vinna sem hópur við áhættugreininguna

Upphaf

5 mínútur

Sýnið Napo stíkluna sem fylgir þessari kennslustund

- Hvað er hætta?
- Af hverju ættum við að fyrirbyggja hættur sem beinast að okkur sjálfum og öðrum?

Starfsemi

40/45 mínútur

Sýnið Napo stíkluna sem fylgir þessari kennslustund: [Hættuveiðimaðurinn Napo - Greining á hættum og áhættum](#)

Mynd: Hættuleg viðskipti

Atriði - hættur heima fyrir

Atriði - meta hættuna

- Ræðið og skilgreinið hætturnar í atriðunum og hvers kyns hættur þau þekkja. Hvetjið börnin til þess að ræða hvað sé hætta og hvað sé áhætta (sjá fylgiblaðið).
- Dreifið veggspjöldum um hættugreiningu og biðjið börnin um að setja límmiða þar sem þau finna hættu.

Napó fyrir kennara



Napo eltir hættur og áhættur: Greining á hættum og áhættum

- Endurraðið í hópana og biðjið börnin hvert um sig að segja hvað þau hafa greint sem hættur.

Aukaverkefni

- Kynning/umræður um fj ölda og fj ölbreytileika á hættum sem kunna að verða á vegi okkar á degi hverjum eins og í Napo myndinni (slys utanhúss, rafmagn, skrikun fótar og hrösun, fall úr hæð – t.d. stiga, kemísk efni, hávaði o.fl .).

mat

Í lok kennslustundarinnar geta börnin búið til lag, rapp eða rím um það sem þau hafa lært um hættuveiðarnar (leitina að hættunum).

Kennarar og nemendur meta kunnáttuna með því að nota þetta kerfi :

- **Gull:** Ég get útskýrt að minnsta kosti þrjár gerðir af hættum eða áhættum fyrir sjálfum mér og öðrum. Ég get lagt mat á áhættustigið.
- **Silfur:** Ég get útskýrt hættu og áhættu (fyrir sjálfum mér og öðrum) heima hjá mér og í bekknum.
- **Brons:** Ég get útskýrt hvað hætta er.

Nauðsynleg gögn

- Límmiðar
- veggspjald fyrir hættugreiningu
- Fylgiblöð fyrir kennara: Greiningu á áhættum og hættum.
- veggspjald fyrir hættugreiningu (með lausnum)
- Hættuveiðar/-greining – skýrsla
- [Napo eltir hættur og áhættur: Greining á hættum og áhættum](#)

Til þess að hlaða niður úrræðunum sem fylgja með, farið þá á: [Efnissafn](#)

Hlekkir á greinar/námsskrá

Persónuleg, félagsleg og heilbrigðiskennsla

Vörur sem til eru á heimilum þar á meðal lyf, geta verið varasamar ef þær eru ekki notaðar á réttan hátt

Reglur og leiðir til þess að vera öruggur, t.d. einfalt öryggi á vegum úti, og um fólk sem hjálpar til við að leiðbeina um öruggi.

Að átta sig á því hvernig hegðun okkar hefur áhrif á annað fólk

Vísindi

Átta sig á að hættur leynast í lifandi hlutum, ýmsum efnum, íþróttum og læra að leggja mat á

Napó fyrir kennara



Napo eltir hættur og áhættur: Greining á hættum og áhættum

áhættur og grípa til aðgerða til þess að draga úr áhættu fyrir okkur sjálf og aðra

Nemendur ættu að fá innsýn í notkun kemískra efna heima fyrir, merkingar þeirra og meðhöndlun

Meðhöndlun náttúrulegra efna og gerviefna

Fræðsla um almenna hegðun

Að læra að þekkja hættur og leggja mat á áhættur af þeirra völdum

Tungumál/móðurmál

Skrifa einfaldar setningar sem verða að sögu með uppbygginguna; upphaf, miðja og endir.